



LANDVERND

**ÁRSRIT
2021-2022**



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Félagar í Landvernd eru um 5.900 og aðildarfélög 40.

Þessi skýrsla stjórnar er lögð fram á aðalfundi Landverndar þann 20. maí 2022.

Ljósmynd á forsiðu, baksíðu og bls. 2–3: Ólafur Már Björnsson.

Ljósmynd af Þjórsárverum, bls. 20: Ellert Grétarsson.

Ábyrgðarmaður: Tryggvi Felixson.

Hönnun og umbrot: Dagný Reykjalín, Blek hönnunarstofa. Prentun: Svansprent, vistvæn prentsmiðja. 

EFNISYFIRLIT

Samband manns og náttúru rofið	4
Félagar gera Landvernd kleift að tala styrkri röddu	6
Hraðar, hraðar! Orkuskipti eða neysluskipti?	8
Samhljómur hamingjunnar	10
Að alast upp í Grænánaskóla	12
Menntun til sjálfbærni	14
Leynilegt bandalag plantna	16
Viltu virkja? Veistu hvað er í húfi?	18
Snorri Baldursson – minningarorð	21
Samstarfsaðilar og alþjóðleg verkefni	22
Stefna Landverndar	23
Starfsfólk Landverndar	24
Stjórn Landverndar	25
Nokkrir valdir viðburðir starfsársins	26
Landvernd er málsvari náttúrunnar	28
Ályktanir 2021-2022	30
Rekstrarreikningur ársins 2021	31

ÁVARP FORMANNS

SAMBAND MANNS OG NÁTTÚRU ROFIÐ

Páll Skúlason, heimspekingur, segir í bók sinni Hugleiðing við Öskju:

„Við erum til og lifum í trúnaðarsambandi við veruleikann sjálfan. Veruleikinn er náttúruleg heild, Náttúran. Afdrifaríkustu viðburðir vestrænnar sögu síðustu alda er brestur í sambandi manns og náttúru. Höfuðvandi nútímans er að lífið er í lausu lofti þar sem trúnaðarsamband manns við náttúru er brostið.“

RAFMAGN OG VELSÆLD ÞJÓÐAR

Engin þjóð í heiminum hefur hlutfallslega yfir jafn mikilli raforku að ráða og Íslendingar. Aðgangur að gnótt raforku er á margan hátt gæfa þjóðarinnar. En ekki má gleymast að umtalsverðs hluta þessarar orku hefur verið aflað með því að spilla verðmætum náttúruarfi þjóðarinnar. Mál er að linni!

Þessi misserin rignir yfir þjóðina fullyrðingum um að raforku skorti til að viðhalda velsæld á Íslandi. Því fer fjarríki að frekari framleiðsla raforku sé meginforsenda velsældar. Verndun íslenskrar náttúru stuðlar ekki síður að velsæld og tækifærum í framtíðinni. Náttúrulegar sveiflur í vatnafari geta og hafa skert framboð á raforku um stuttan tíma. Við slíku tímabundnu ástandi er best að bregðast með ákvæðum í samningum við stórnotendur. Með rökréttri forgangsroðun á notendum raforku, bættri nýtni orkumannvirkja og betra dreifikerfi, getur samfélagið mætt nauðsynlegri raforkuþörf næstu árin. Útiloka ber sölu á raforku til framleiðslu rafmyntar sem á þátt í að viðhalda samfélagsskemmandi starfsemi. Þess í stað ætti að forgangsráða orkunni til bráðnauðsynlegra orkuskipta.



HÁLENDISÞJÓÐGARÐUR Í SKREFUM

Hálendið sem heild verður best verndað til langrar framtíðar sem þjóðgarður. Ríkisstjórnin segist nú ætla að fella jökla hálendisins og þegar friðlýst svæði undir Vatnajökulsþjóðgarði. Það er góð byrjun, en aðeins áfangar í átt að þjóðgarði sem með tíð og tíma þarf að ná til allra þjóðlendna og ríkisjarða á Hálendi Íslands. Skoðanakannanir sýna að stefnan á Hálendisþjóðgarði nýtur víðtæks stuðnings.

Það yrði skref í rétta átt að nýta kjörtímabilið til að fella tvö stór hálendisssvæði undir þjóðgarði: Annars vegar landið umhverfis Langjökul og Hofsjökul og svæðið á milli jöklanna einnig. Hins vegar Mýrdalsjökul, Friðland að fjallabaki og svæðið þar á milli.

Útsýnið úr Loftsalahelli með Dyrhólaey og Reynisfjall í fjarska.



RAMMAÁÆTLUN VEITIR YFIRSÝN

Aðferðafræði sem beitt er við gerð rammaáætlunar veitir nauðsynlega yfirsýn og mat á náttúruverndargildi landsvæða og á áhrifum hugsanlegra virkjana þar á. Í nýtingarflokk falla hugmyndir sem teknar verða til frekari skoðunar við mat á umhverfisáhrifum. Varast ber að líta á nýtingarflokk sem endanlega ákvörðun um staðsetningu virkjana vegna þess að þegar virkjanakostir eru metnir í rammaáætlun er notast við takmörkuð gögn. Við mat á umhverfisáhrifum eru gögnin betri og ítarlegri. Reynslan sýnir að umhverfismat getur kollvarpað niðurstöðu rammaáætlunar. Dæmi um þetta er Hvalárvirkjun. Vandinn er að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er ekki lögð til grundvallar við ákvarðanir um framkvæmdir eins og lögin tilgreina.

Tillaga að rammaáætlun 3 hefur verið lögð fyrir Alþingi. Í fjórða sinn fær Alþingi tækifæri til þess að ljúka málinu. Samkvæmt lögum skal raða virkjunarhugmyndum á faglegum forsendum í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Pólitísk hrossakaup eru lögleysa.

OKKAR LANDVERND

Með Skólum á grænni grein gegnir Landvernd lykilhlutverki í því að efla menntun til sjálfbærni á Íslandi. Allt er það gert í góðu samstarfi við skólasamfélagið og stjórnvöld, sem hafa treyst okkur fyrir þessu mikilvæga verkefni. Hlutverk Landverndar er einnig að vera rödd náttúrunnar. Það getur verið afar krefjandi þegar umdeild mál eru á dagskrá. Háttvísi og rökfastur málflytningur efla trúverðugleika samtakanna. Staðfestu og úthald þarf líka til.

Starf Landverndar byggir á stórum hópi félaga og stuðningsaðila, virkri stjórn og öflugri skrifstofu með framkvæmdastjóra í broddi fylkingar. Öllu þessu góða fólki þakka ég samstarfið og stuðninginn.

Tryggvi Felixson,
formaður Landverndar 2021 – 2023

Við Hornbjarg í friðlandinu á Hornströndum.



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

FÉLAGAR GERA LANDVERND KLEIFT AÐ TALA STYRKRI RÖDDU

Kæri Landverndari,

Nú þegar samkomutakmörkunum sleppir erum við enn sterkasta afl náttúruverndar á Íslandi. Landvernd hefur haldið sínum félagafjölda í gegnum tvö erfið ár og viðhaldið öflugu starfi með breyttu sniði í takt við tíðarandann. Stjórn og starfsfólk Landverndar eru félagsmönnum gríðarlega þakklát fyrir að standa með samtökunum í því að verja umhverfi og náttúru á þessum erfiðu tímum í þjóðfélaginu. Síðasta starfsár var Landvernd gott, fjárhagurinn er sterkur, skrifstofan hefur eflst og vitund almennings um mikilvægi náttúruverndar hefur aukist.

NÝIR TÍMAR – NÝ HUGSUN

Hamfarahlýnun og hrun vistkerfa eru risastór viðfangs-efni næstu ára. Síðasta ár sýndi okkur að heimsbyggðin skilur mikilvægi þess að aðgerðir til að bregðast við loftslagsvá hlífi þeim vistkerfum sem eftir eru. Þörfin fyrir samtök eins og Landvernd hefur aldrei verið brýnni en nú – á tímum gríðarlegrar ásóknar eftir orku sem framleidd er án jarðefnaeldsneytis. Verkefnið er að koma þeim sem skilgreina leikreglurnar í skilning um að orka er dýrmæt auðlind sem ekki má sóa heldur aðeins nýta í verkefni sem samrýmast hagsmunum almennings. Þess vegna hefur Landvernd á undanförnum mánuðum staðið fyrir opnum málþingum, fundum með stjórnaráðgjöf, upplýsingagjöf og fræðslu á samfélagsmiðlum. Síðast en ekki síst má nefna opnun nýja Náttúrukortsins sem sýnir þá náttúru sem í húfi er þegar kemur að einstökum virkjanaframkvæmdum. Allt er þetta gert til að auka vitund og skilning landsmanna.

Eftirspurn eftir ódýrri orku er endalaus. Í landi sem er langstærsti raforkuframleiðandi heims miðað við íbúafjölda er ótækt að fórna náttúru- og menningarminjum til framleiðslu á meiri orku án þess að fara í verulegar breytingar á því hvernig orkan er nýtt. Nú reynir á okkur sem aldrei fyrr.

STARFIÐ Í OG EFTIR HEIMSFARALDUR

Landvernd hefur haldið fjölmarga viðburði á starfsárinu, m.a. fundaseríu um náttúruvernd í þéttbýli, samstarf við Ólaf Sveinsson um margmiðlunarsýningu hans „Enginn veit hvað átt hefur“ ásamt SUNN, málþing



um rammaáætlun og afmælisráðstefnu Skóla á grænni grein. Skólar á grænni grein, Loftslagsvernd í verki og Vistheimt með skólum þurftu að færa sig í auknum mæli yfir á netið, sem hefur reynst ljómandi vel. Í mörgum tilvikum eru þær breytingar því komnar til að vera.

VARFÆRNI Í FJÁRMÁLUM

Markmið Landverndar er að skila hvorki afgangi né halla, heldur nýta fjármuni hvers rekstrarárs á skilvirkan hátt til að framfylgja stefnu og baráttumálum samtakanna. Landvernd skilaði afgangi árið 2020 en árið 2021 var jafnvægi milli tekna og gjalda.

FÉLAGAR Í LANDVERND

Félagsmönnum fjölgaði á starfsárinu, eru nú tæplega 5900 en voru í lok síðasta starfsárs um 5700. Við vitum að vegna ástandsins hefur víða verið hart í ári, þess vegna erum við afar þakklát fyrir þann stuðning og traust sem við skynjum svo vel. Hjá Landvernd starfar nú fjárflyunarstjóri, sem hefur hafið átak í féлагаöflun. Með dyggum stuðningi sínum tryggja félagar Landverndar að samtökin geti tekið fyrir umdeild mál í þágu náttúrunnar, án þess að þurfa að óttast lakari fjárhag í kjölfarið. Þannig er sjálfstæði Landverndar best tryggt. Ég hvet alla félagsmenn til þess að aðstoða okkur við að afla nýrra félaga.

STEFNUMÓTUN

Stefnumótun með félögum fór fram í mars sl. Nýjar áherslur í málefnum Landverndar, byggðar á niðurstöðum hennar, liggja fyrir aðalfundi 2022. Stefnunótun um starfsemina með stjórn og starfsfólki fór fram í júní 2021. Niðurstöður hennar skiluðu skrifstofu Landverndar nýju skipuriti þar sem skrifstofan starfar nú í litlum málefnatengdum teymum. Þá hafa framkvæmdastefna, sjálfbærnistefna, samskiptastefna og mannauðsstefna verið skilgreindar. Í öllu starfi Landverndar er lögð áhersla á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

FLEIRI HENDUR TIL STARFA

Vegna sterkrar fjárhagsstöðu gat Landvernd bætt við sig starfsfólki, m.a. til að sinna verkefnum tengdum félagatali og -öflun og inn í verkefnið Skólar á grænni grein. Nýr sviðsstjóri sviðs menntamála er Andrea Anna Guðjónsdóttir. Auk hennar hafa bæst í hópinn Ósk Kristinsdóttir, sérfræðingur Skóla á grænni grein og Hafþór Óli Þorsteinsson, fjáröflunarstjóri. Enginn hætti hjá Landvernd á starfsárinu þannig að skrifstofa Landverndar telur nú 15 starfsmenn í 12 stöðugildum. Katrín Magnúsdóttir er í leyfi.

ÞRÝSTINGUR Í ÞÁGU NÁTTÚRUNNAR

Samskipti við stjórnvöld voru mikil á árinu eins og lesa má hér í ársskýrslunni. Umsagnir, erindi, og kvartanir voru yfir 60 og umfjöllunarefni af misjöfnum toga. Nefna má verndun Hálandisins, umbætur í úrgangsmálum og stjórnsýslu Úrvinnslusjóðs, landnýtingarmál eins og landsáætlanir í skógrækt og landgræðslu og drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Nú hefur mikill kraftur færst í umræðu og þrýsting á aukna raforkuframleiðslu, sem eyðilegging íslenskrar náttúru myndi óhjákvæmilega fylgja. Landvernd telur að fara verði mjög varlega í að auka raforkuframleiðslu, að standa verði vörð um faglega ferla í ákvarðanatöku og að lög um mat á umhverfisáhrifum verði að bæta. Þá verður að tryggja að smávirkanir og vindorka fari í gegnum faglegt mat eins og aðrar framkvæmdir sem hafa áhrif á náttúruna. Þetta eru stóru verkefni síðasta starfsárs sem verða áfram ofarlega á baugi. Þá er verndun víðerna á Íslandi forgangsmál í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

SAMSTARF OG GRASRÓT

Ný deild hefur tekið til starfa innan Landverndar en það eru samtökin Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd sem gengu inn í Landvernd sem deild á árinu. Nú er starfandi Vindorkuhópur í Landvernd, auk Hálandishóps og Loftslagshóps sem margir þekkja. Samtökin Framtíðarlandið sameinuðust Landvernd fyrir nokkrum árum og starfa nú sem lokaður hópur innan samtakanna. Landvernd hefur átt í gjöfulu samstarfi við fjölmörg samtök, einstaklinga og hópa á síðasta starfsári eins og Ferðafélag Íslands, önnur náttúruverndarsamtök, vísindafólk og sérfræðinga. Mikill styrkur hefur verið að fagráði Landverndar, sem styður við starfsemina á marga vegu.

Kæri félagi í Landvernd. Nú verðum við öll að standa saman að því að vekja athygli á mikilvægi náttúru- og loftslagsverndar. Það er þér og öðrum félagsmönnum Landverndar að þakka að samtökin geta staðið vaktina fyrir íslenska náttúru og umhverfisvernd í þágu komandi kynslóða. Munum að samtal og samstarf er grundvöllur varanlegra breytinga. Ég hlakka til að heyra frá ykkur!

Njótum náttúrunnar!

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri Landverndar.



KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
RITHÖFUNDUR

HRAÐAR, HRAÐAR! **ORKUSKIPTI EÐA NEYSLUSKIPTI?**

Við erum gráðugustu og hættulegustu skepnur jarðar og jafnframt þær skynlausustu af því að við vitum og skiljum en skynjum samt ekki hættuna, skynjum ekki hvaða fórnir við þurfum að færa strax, í hve mikilli hættu framtíðarfólkið okkar er og höldum áfram að gleypa heiminn og gera það sem okkur sýnist.

ÓÞÆGILEGUR SANNLEIKUR

Við skynjum ekki að barnarbörnin taka strax afleiðingum gjörða okkar. Við tengjum ekki við að þessi börn fái fljótlega alla okkar neyslu í hausinn, að þau fái í fangið að við bregðumst ekki við af fullum krafti sem einstaklingar, samfélag og jarðarbúar.

Það er í raun furðulegt að við skulum ekki grípa til neyðaraðgerða líkt og í veirufaraldri. Þá skelltum við löndum og heimsálfum í lás, slökktum á öllum kerfum, lokuðum okkur inni, ekki bara eitt þorp, einn bær, ein borg, eitt land, heldur allir og alls staðar. Við getum þetta þegar við sjáum okkur sjálf í öndunarvélum á yfirfullum gjörgæslum - veik eða dáin. Ef við verðum hrædd getum við bylt risasamfélögum á einni nóttu. Þá getum við flykkst í rað-bólusetningar og gengið með grímur.

En þótt við upplifum alvarlegar vistkerfisbreytingar, hopandi jökla, aukinn ofsa í veðrakerfum, flóð og skógarelda, stækkandi eyðimerkursvæði og loftslagsflóttafólk, tókum við alls ekki við okkur eins og í veirufaraldri. Þá tölum við um ráðrúm og aðlögunarferli og að leita tækifæra í mótvægisáðgerðum. Við leitum örvæntingarfull að kapítalískri lausn svo neytlusamfélagið haldi velli. Þægilegar lygar verða haldbetri en óþægilegur sannleikur og það má ekki gera börnin loftslagskviðin. Versti kvíðiinn er þó sá sem sækir að okkur þegar við uppgötva að valdhafar bregðast ekki við af fullum kafti en forðast umræðuna um neytluskipti eins og heitan eldinn.

KAUPMÁTTUR OG SÁLMAÖNGUR

Nýjar leiðir til að bjarga lífi á jörðinni verða að vera sniðugar og mega alls ekki standa í vegi fyrir hagvexti,



kaupgetu og kaupmáttaraukningu neytenda. Það er heilagur sálmasöngur. Og við notum orðið neytendur til að lýsa sjálfum okkur. Við notum það orð frekar en að tala um að við séum almenningur, samferðafólk og jarðarbúar. Við erum neytendur sem lifum á mannsögulegum neytlutímum þar sem svokölluð hagsæld einnar tegundar er að skaða öll lífsskilyrði á jörðinni. Aðrar tegundir hoga undan okkur. Sveltandi ísbirnir leita sér að æti á ruslahaugum. Rauðrefurinn er ræsisdýr í stórborgum. Við þurfum meira pláss, meira land, hærra neytlustig.

Gámaskipin bruna með fjöldaframleitt drasl fram og til baka, yfir súru höfin, til að keyra áfram neytluvélar af því að við erum öll neytendur. Og við þurfum að fá allt og fara allt og vera alls staðar. Jafnvel fjallið Everest, sem fyrst var klifið fyrir sjötíu árum, er í dag fjölfarinn ferðamannastaður. Fjallið er neytluvara. Við keppum í neyslu, verðum að sigra náttúruna og gera helst meira en mest og mæla árangur í neytlugetu og samanburði.

Einhver verður að stoppa okkur. Við gerum það ekki sjálf. Við reynum og við setjum okkur loftslagsmarkmið. Sumir setja sér jafnvel kolefnismarkmið og ferðatakmark. Við rafvæðum bílafloata, flokkum plast sem enginn veit hvað gert er við, flokkum rusl frá fjarlægum ströndum og flytjum á hauga í öðrum löndum. Við sendum ónýtar tuskur á ókleif fatafjöll erlendis. Þetta eru tilviljanakenndar tilraunir sem sumar enda hvergi. Og risafyrirtækin bera nær enga umhverfisábyrgð við framleiðslu, hvað þá förgun. Það má ekki styggja freka fyrirtækjakallinn.

LOTTÓTÖLUR OG SÚKKULAÐIKÚLUR

Nýlega eignuðumst við svo hið jákvæða orð, orkuskipti. Fljótlega eftir það eignuðumst við slagorðið: Hröðum orkuskiptum! Sem er snilld. Það slær á loftslagskviðann að hraða jákvæðum breytingum. Og galdurinn við að

hraða orkuskiptum er svo að auka raforkuframleiðslu um 125 prósent samkvæmt starfshópi sem umhverfisráðherra skipaði. Gamall hagfræðingur og pólitikus af annarri öld leiddi hópinn. Ekki vísindamaður, ekki sérfræðingur í málaflokknum. Og 125 prósentu aukning í raforkuframleiðslu er mantran eftir vandræðalega stutt vinnuferli hópsins. Það er tala sem segir ekki neitt. Það er lottótala – súkkulaðikúlur í poka. Miðað við hvað? Miðað við fulla ferð áfram, himinháar kaupmáttarkröfur og endalausn hagvöxt? Miðað við að keyra áfram álverin öll og breyta engu? Miðað við að umturna ekki neyslumynstri? Miðað við að bylta ekki matvælaframleiðslu, endurhugsa ekki ræktun og landbúnað og hið heilaga styrkjakerfi hans? Miðað við að hugsa samfélagið alls ekki uppá nýtt? Miðað við að hraða ekki neysluskiptum en láta áfram eins og að bleiki fillinn sé ekki til staðar um leið og bleikum fílum fjölgar svo hratt að við troðumst undir þeim? Já, og miðað við að finna ekki að minnsta kosti 125 leiðir til að hraða neysluskiptum.

BRJÁLÆÐINGUR EÐA HAGFRÆÐINGUR

„Sá sem trúir á takmarkalausn vöxt á plánetu sem á sér takmörk er annað hvort brjálæðingur eða hagfræðingur,“ sagði hagfræðingurinn Kenneth Boulding á áttunda áratug liðinnar aldar. Þá áttuðu einhverjir sig á því að trúin á endalausn vöxt er skelfilega jarðtortímandi. Samt kennum við sömu setningar og vitnum áfram í eldgömlu –isma. Við gerum það um leið og jörðin og jarðvistin þarf svo lífsnauðsynlega nýja –isma og allt aðra sýn þar sem allar stjórn málaákvæðanir verði aðeins teknar út frá vistfræðilegri og náttúruvænni hagsæld – svo plánetan lifi okkur af. En við ætlum að hraða orkuskiptum. Og gamli hagfræðingurinn skilaði umhverfisráðherra hraðsoðnum kapítalískum tillögum um að auka raforkuframleiðslu um 125 prósent sem allra hraðast. Sem er auðvitað grænn gæðastimpill á nýjar virkjanir sem víðast. Helstu ráðamenn og forkólfar sungu í rödduðum kór í fjölmiðlum um nauðsyn þess að hraða orkuskiptum með því að auka raforkuframleiðslu um 125 súkkulaðikúlur – svo neytendur lærðu að kyrja möntruna líka.



The Circle of Life. © Copyright Steve Cutts - stevecutts.com

LOKAVIÐVÖRUN OG LEIÐINDI

Skömmu síðar sendi milliríkjanefnd um loftslagsmál hjá Sameinuðu þjóðunum frá sér lokaviðvörðun sem fór ekki sérlega hátt. Skýrslan er enda unnin af alþjóðlegu teymi alvöru vísindamanna og í henni er lagt mat á stöðu þekkingar meðal þjóða á mótvægisáðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Ein niðurstaða þessarar lokaviðvörðunar er að hvergi skorti á lausnir og getu til að takast á við vandann í samfélögum heims. En það sem vantar alls staðar er alvöru pólitískur vilji og stórt hugrekki á heimsvísu. Og þetta er lokaviðvörðun frá vísindahópi Sameinuðu þjóðanna. Framtíð komandi kynslóða og afkoma lífríkis á jörðu er í húfi. Fjölmiðlar hlupu ekki með hljóðnemana á milli ráðamanna og orkuforkólfa daginn sem lokaviðvörðunin var birt. Hvergi heyrðist hinn raddsterki 125 prósentu raforkuframleiðslukór syngja um hugrekki, vilja og neysluskipti. Þó var táknað að rætt var við íslenskan vísindamann í kjölfarið sem læddist í kringum bleika fílinn. Hann talaði um spennandi og skemmtileg tækifærin sem lögju í loftslagsvandannum. Þetta er umræðuáðferðin í neylusamfélaginu. Við megum ekki styggja freka fyrirtækjakallinn. Hann verður að upplifa sig sem hluta af lausninni en ekki vandannum. Hann verður að fá að teikna einkavirkjanir inn í rammaáætlun og hraða orkuskiptum.

Þannig hentar ekki að ræða lokaviðvörðun og neysluskipti. Það má líka ekki vera leiðinlegt því þá verða börnin svo kvíðin.

HÉÐINN UNNSTEINSSON
FORMAÐUR GEÐHJÁLPAR

SAMHLJÓMUR HAMINGJUNNAR

Allt er tíðni. Öll orka er tíðni og allt efni er tíðni. Við manneskjurnar erum þar engin undantekning. Við erum gangandi tíðni í eilífri leit að „réttum“ takti, þeim takti sem veitir okkur hámarks vellíðan hverju sinni. Liggur okkar eðlislæga tíðni og taktur ef til vill í flæði náttúrunnar? Við erum jú hluti af þessari endalaus hreyfingu þar sem allt fram streymir endalaust; flóði og fjöru, tunglgangi, snúningi pláneta um sólu.

Við höfum lengst af verið í nánum tengslum við náttúruna. Hún færir okkur ró, styrk, kraft, frið, sátt, breytileika og jafnvægi. Hún hefur mikilvægan heilunarmátt sem fylgt hefur kynslóðunum í gegnum aldirnar. Náttúran er síbreytileg en alltaf full af styrk og krafti. Hún er alltaf til staðar, hvar sem við búum. Það er því auðvelt fyrir okkur flest að nýta hana betur til sjálfsstyrkingar, vera hluti af stærri veröld. Vera hluti af henni.

Það er engu að síður ljóst að tengsl okkar við náttúruna hafa breyst hratt undanfarna áratugi. Tækni og frampróun skilnings hafa breikkað bilið og breytt nánd okkar við hana. Við virðum ekki alltaf náttúruna, okkur finnast á stundum gjafir hennar sjálfsagðar og jafnvel ofnýtum þær, til ætlaðs framdráttar. Við höfum færst frá því að vera hluti af náttúrunni í átt að því að vilja stjórna henni og



ráða. Allt þetta framferði okkar byggjum við á mjög svo takmarkaðri skynjun á náttúrunni. Takmarkaðri skynjun fimm skynfæra á þrívíðum heimi þar sem við með sandkornum, síðar úrskífum og tölvuskjám höfum umfaðmað fjórðu víddina, tímann, og með því gert hann að herra.

Höfum við skilið okkur um of frá náttúrunni með aukinni tækniþróun og eftirsókn eftir „lífsgæðum“? Litum við í auknum mæli svo á að við séum ekki hluti af náttúrunni og nærandi tíðni hennar og takti? Hvernig upplifir yngsta kynslóðin sem alin er upp við tilbúna rafsegultíðni „tækniframfara“ náttúruna og tengsl sín við hana? Ef marka má rannsóknir, hafa börn aldrei verið jafn kvíðin og nú. Almenn tefur tíðni geðraskana og aukin örorka af þeirra völdum aukist umtalsvert og samhliða hefur geðlyfjanotkun aukist mikið.

Það er óumdeilt að umhverfi okkar og erfðir hafa áhrif á líðan okkar. Góð geðheilsa birtist í samhljómi tíðnisviðs okkar og lífstakts og góð geðheilsa er undirstaða lífsgæða og lífsánægju. Geðheilsa er ekki aðeins það að vera laus við geðraskanir heldur það að búa við tíðni

og takt sem hámarkar vellíðan og gerir okkur kleift að nýta hæfileika okkar til fulls. Gerir okkur kleift að takast farsælega á við verkefni daglegs lífs og eiga uppbyggileg og ánægjuleg samskipti við fólk og náttúruna í kringum okkur.

Ýmislegt bendir til þess að við skynjum aðeins hluta af nærandi tíðni náttúrunnar og nú á tímum, þegar nær-umhverfi okkar er í ríkum mæli litað af ónáttúrulegri tíðni, er fátt skynsamlegra en að leita aftur til upphafsins, til náttúrunnar.

Finndu þína staði í náttúrunni, bæði þá sem stutt er að sækja og þá sem krefjast lengra ferðalags. Ef þú kemst ekki út í náttúruna eins reglulega og þú vildir, taktu hana þá heim til þín (útsýnið úr stofunni, kvikmyndir, steinar í glugga, tónlist og svo framvegis). Njóttu og hvíldu í hverri árstíð. Semdu frið við veturinn, snjóinn, myrkrið, rigninguna og hálkuna. Finndu heilunarmáttinn í kliðandi læk, regni á rúðu, fuglasöng í tré og allri þeirri tíðni sem er okkur eðlislæg. Allri þeirri tíðni sem við erum hluti af. Þar liggur samhljómur hamingjunnar.





TINNA HALLGRÍMSDÓTTIR
FORMAÐUR UNGRA UMHVERFISINNA
OG MEISTARANEMI Í UMHVERFIS- OG AUÐLINDAFRÆÐI

ÞU ALAST UPP Í GRÆNFÁNASKÓLA

Ég var svo heppin að vera í Grænfánaskóla mest alla grunnskólagönguna í Snælandsskóla í Kópavoginum, en skólinn tók við fánanum árið 2004 undir handleiðslu Margrétar Rafnsdóttur. Þegar ég fór að hugsa til baka til árána sem ég var í Snælandsskóla voru umhverfismálin ekki það sem mér var efst í huga. En við frekari umhugsun áttaði ég mig á því að það er af góðri ástæðu. Umhverfismálin voru nefnilega svo alltumlykjandi og í raun órjúfanlegur partur af menningu skólans að ég tók því bara sem sjálfsgöðum hlut. Fyrir mér snýst Grænfáninn því að miklu leyti um að setja viðmið, setja markið hærra: hvernig við hugsum, hvernig við hegðum okkur og hvaða tilfinningar við berum gagnvart umhverfinu.

Og þegar það er búíð að setja viðmið, verða þau sjálfsgöður partur af skólameningunni, líkt og í Snælandsskóla þar sem mikill samhugur var um þær aðgerðir sem lagt var í. Ég ólst upp við að flokka allt rusl, slökkva ljósin þegar ég var ekki að nota þau og ganga í skólann. Svo eru mér fersk í minni öll þau skapandi og skemmtilegu endurnýtingarverkefni sem við gerðum. Alls konar hlutir sem vanalega voru taldir vera úrgangur, voru allt í einu orðnir að skálum, penna-boxum, kertum, púðum, töskum, jóla- og páskaskreytingum og svo mætti halda lengi áfram.

Í skólanum var líka mikið lagt upp úr góðri raungreina- og náttúrufræðikennslu. Ég man t.d. eftir því þegar við hlustuðum á fuglahljóð í náttúrufræði, mér fannst það kannski ekki svo spennandi á sínum tíma en lærði að meta það mun síðar á ævinni þegar ég fór á Vestfirði og þar kennsl á hljóð ýmissa tegunda sem borgarbarnið hafði áður einungis heyrt úr geisladiskaspilara inni í kennslustofu. Kennslan í skólanum náði svo einnig út fyrir veggj stofunnar en við bjuggum til fuglahús fyrir skólalóðina til að kenna okkur að bera virðingu fyrir dýrum, eða a.m.k. ákveðnum tegundum því auðvitað voru þau svo eftir allt saman ennþá á boðstólum í matsalnum.





Það sem stendur þó helst upp úr eftir Grænfánaskóla-
gönguna er fremur mikilvægur atburður sem tengist
endurvinnslu. Í Snælandsskóla var nær allur úrgangur
flokkaður og ég skildi mikilvægi þess að flokka. Það
skaut því skökku við þegar ég kom heim úr skólanum og
öllu nema dósum var hent í sömu tunnuna, og mér fór
að blöskra þessi ávani. Ég sá mér því engan annan kost í
stöðunni en að hreinlega neyða mömmu og pabba til að
byrja að flokka ruslið heima fyrir. Aðspurð hef ég alltaf
svarað því að ég hafi byrjað í umhverfisaktivismanum
fyrir fjórum árum, þegar ég gekk til liðs við stjórn Ungra
umhverfissinna, en ég uppgötvaði nýlega að þetta hófst
víst allt í grunnskóla með endurvinnslunni. Mín fyrsta
aðgerð sem sýndi að ég gæti haft einhver áhrif út fyrir
sjálfa mig, því það er þannig sem þú valdeflist.

Ég á því Grænfánanum margt að þakka, en ég hefði ekki
farið langt ef ég hefði einungis stoppað þarna. Stóra
áskorunin er að halda áfram, að festast ekki einungis í
endurvinnslunni eða öðrum aðgerðum sem við grípum
til innan veggja heimilisins eða skólans. Gleymum ekki
að umhverfisvandinn er kerfislægur og verður ekki
leystur einungis með því að líta í eigin barm, við verðum
að líta upp, horfa lengra, og krefjast stórra breytinga á
samfélagslegum skala.

Grænfáninn spilar stórt hlutverk í að fræða og valdefla
yngstu kynslóðirnar og gefa þeim þannig tól til að
krefjast breytinga. Kennum unga fólkinu staðreyndirnar,
hvert núverandi þróun er að stefna okkur en kennum
þeim einnig að þrjúskast við að vera bjartsýn. Látum
þau ekki festast í þeirri hugsanavillu fyrri kynslóða að
róttækar kerfislegar og samfélagslegar breytingar séu
óraunhæfar. Sköpum nýja framtíðarsýn og trú á að hægt
sé að gera hana að veruleika.

Hættum aldrei að berjast og hættum aldrei að vona -
fyrir framtíð okkar og komandi kynslóða!



MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

Landvernd rekur þrjú metnaðarfull menntaverkefni þar sem menntun til sjálfbærni er rauði þráðurinn: Grænfánann, Umhverfisfréttafólk og Vistheimt með skólum. Sýnt hefur verið fram á að áhrif loftslagskvíða sé hægt að milda með því að upplýsa fólk og tala um vandann, finna leiðir til að takast á við hann og hafa áhrif á aðra. Þessi atriði eru einmitt lykilþættir menntunar til sjálfbærni.

Fjárhagslegur grundvöllur menntaverkefna Landverndar var styrktur á starfsárinu, þegar samstarfssamningur við mennta- og barnamálaráðuneytið og umhverfisorku og auðlindaráðuneytið var endurnýjaður til næstu fimm ára. Alls taka 186 skólar á öllum skólastigum þátt í Grænfánaverkefninu, 18 grunn- og framhaldsskólar í Umhverfisfréttafólki og 10 grunnskólar í verkefninu Vistheimt með skólum. Einnig stendur Landvernd í samstarfi við Menntamálastofnun að útgáfu veglegs námsefnis.

SÝN UNGS FÓLKS Á UMHVERFISMÁLIN

Umhverfisfréttafólk hjá Landvernd er skemmtileg keppni þar sem ungmennum er gefinn vettvangur til þess að kynna sér umhverfismál og koma upplýsingum á framfæri á skapandi hátt. Verkefnið er alþjóðlegt (YRE – Young Reporters for the Environment) og hefur Landvernd haft umsjón með því hérlandis frá 2019.

Ljósmyndin Sæt tortíming, sem hreppti fyrsta sæti í samkeppni Umhverfisfréttafólks árið 2021, fór sigur för innanlands og fór einnig út fyrir landsteinana. Ljósmyndin hefur verið á besta stað í Norræna húsinu allt árið, hún hlaut verðlaun í ljósmyndasamkeppni Umhverfisstofnunar Evrópu og var til sýnis á loftslagsráðstefnunni COP26. Íris Lilja Jóhannesdóttir, 18 ára nemandi við Fjölbautaskólann við Ármúla, er höfundur myndarinnar.



Skólameistari FÁ dáist að vinningsmynd Írisar Lilju.

Spennandi ljósmyndasýning Umhverfisfréttafólks úr Fjölbautaskólanum við Ármúla var frumsýnd í Listasafni Íslands í apríl. Þar gátu gestir fengið innsýn í hugarheim ungs fólks og kynnt sér hvernig þau líta á náttúruna og umhverfismálin. Sýningin vakti mikla lukku meðal gesta og von okkar er sú að hægt verði að endurtaka leikinn síðar.

GRÆNFÁNINN Í 20 ÁR

Grænfáninn fagnar 20 ára afmæli á Íslandi skólaárið 2021–2022. Í tilefni tímamótanna hefur menntateymi Landverndar útbúið mánaðarlega afmælispakka sem samanstanda af örfræðslu og verkefnum. Hver mánuður hefur sitt þema, en öll tengjast þau menntun til sjálfbærni á tímum loftlagsbreytinga, s.s. fatasóun, loftlagsbreytingar og valdefling, hnattrænt réttlæti og matur. Þessi verkefni má nálgast inni á heimasíðu Grænfánans.

Í febrúar var haldin afmæliráðstefna Grænfánans. Ráðstefnan bar heitið „Valdið til unga fólksins í 20 ár“ og var dagskráin afar vegleg. Sigrúnu Helgadóttur voru veitt heiðursverðlaun Grænfánans en Sigrún var verkefnisstjóri Skóla á grænni grein (Grænfánaverkefnisins). Hún skipulagði og stýrði verkefninu frá upphafi árið 2000. Þegar hún sleppti af því hendinni 2008 voru þátttökuskólarnir orðnir yfir eitt hundrað talsins. Erindin sem flutt voru á afmæliráðstefnunni má nálgast á heimasíðu Landverndar.

Þann 25. apríl var formlega haldið upp á afmæli Grænfánans því þá voru 20 ár frá því að fyrsti skólinn flaggaði græna fánanum hérlandis – á Degi umhverfisins.



Háskóli Íslands er þátttakandi í Grænfánanum.

NÝTT NÁMSEFNI FRÁ LANDVERND

Splunkuný **Verkefnakista Grænfánans** var opnuð á afmælisráðstefnunni. Í henni eru fjölbreytt verkefni fyrir öll skólastigin. Verkefnin eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá Grænfánaskólum í gegnum tíðina. Bætt útlit, nánari verkefnalýsingar, tenging við heimsmarkmiðin og margt fleira má sjá í nýju verkefnakistunni.

Náttúra til framtíðar er nýtt námsefni úr smiðju Landverndar fyrir unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla sem gefið er út í samstarfi við Menntamálastofnun. Í námsefninu er m.a. fjallað um lífbreytileika, náttúruvernd, loftslagsmálin og vistheimt. Í námsefninu eru 25 fjölbreytt verkefni þar sem lögð er áhersla á að nemandinn velji sér verkefni við hæfi og eftir áhugasviði. Höfundur er Rannveig Magnúsdóttir sérfræðingur hjá Landvernd.

Námsefnið **Hreint haf – Plast á norðurslóðum** fjallar um áhrif hafsins á okkur og áhrif okkar á hafið. Sjónum er beint að plastmengun í hafi og lausnum sem bæta heilbrigði hafsins. Námsefnið samanstendur af rafbók, verkefnasafni og kennsluleiðbeiningum. Það er ætlað nemendum yngsta og miðstigs og hefur verið þýtt á dönsku, finnsku, færeysku, grænlensku, norsku, sænsku og norður-samísku. Höfundur er Margrét Hugadóttir, verkefnastjóri hjá Landvernd. Námsefnið var gefið út í samstarfi Landverndar og Menntamálastofnunar og styrkt af NordMarPlastics.



Tófan þekkir Grænfánaverkefnið vel og aðstoðar yngri nemendur við að stíga sín fyrstu skref í umhverfismálum.



Þetta reddast – eða hvað? Stoltir nemendur og leiðbeinendur í framtíðarsmiðjunni **Svona viljum VIÐ hafa það** við skilaboðin sín um nauðsynlegar loftslagsaðgerðir.

UNGA FÓLKIÐ Á AUSTURLANDI OG LOFTSLAGSMÁLIN

Náttúru- og umhverfisvernd var rauði þráðurinn í **BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi**. Landvernd var samstarfsaðili hátíðarinnar, sem haldin var á haustdögum 2021.

Framtíðarsmiðjan **Svona viljum VIÐ hafa það** – Valdefling á tímum loftslagshamfara var hluti hátíðarinnar, haldin í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum, Landvernd og Írisi Lind Sævarsdóttur, listmeðferðarfræðing. Þar voru nemendur fræddir um loftslagsmál og sjálfbæra þróun á fjölbreyttan og valdeflandi hátt með fyrirlestrum, leikjum, spjalli og hópverkefnum, þar sem áherslan var á virkni nemenda. Í framhaldinu tók við skapandi vinna þar sem nemendur fengu tækifæri til að leika sér í gegnum sköpun og flæði og leiða hugann að því hvernig þeir sjá framtíðina fyrir sér.

Í kjölfarið skilgreindu nemendur skilaboð til okkar allra um aðgerðir í loftslagsmálum, t.d. að við verðum að virða náttúruna, standa saman, breyta loforðum í aðgerðir, endurhugsa lífsstílinn okkar og átta okkur á því að við getum ekki étið peninga. Við verðum að hætta að nota jarðefnaeldsneyti, læra að lifa nægjusömu lífi, hætta að sóa og svo þarf mengun að kosta þá sem valda henni.

„We cannot get to where we dream of being tomorrow unless we change our thinking today.“

- Albert Einstein

JÓHANNES BJARKI URBANCIC
LÍFFRÆÐINGUR

LEYNILEGT BANDALAG PLANTNA

Líffræðilegur fjölbreytileiki er grundvöllur þess að náttúran geti starfað á heilbrigðan hátt. Við heyrum gjarnan fjallað um þann gríðarlega fjölbreytileika sem finna má innan dýraríkisins en því miður hefur umræðan um fjölbreytileika plantna verið lágstemmdari. Þær eru jú, allar grænar og nýta sér sömu orkuuppsprettuna – sólarljósið. Hversu fjölbreyttar geta plöntur eiginlega verið?

Plöntur eru fastar með rótum og geta því ekki, ólíkt okkur, staðið upp og hlaupið í burtu frá vandámálum sínum. Hvort sem þær þurfa að þola óveður eða ásókn grasbíta hafa plöntur ekki annað val en að taka því sem á þeim dynur. Til þess að auðvelda sér lífið hafa plöntur komið upp ósýnilegu samstarfi sem menn hafa aðeins nýlega náð að svipta hulunni af.



Plöntur eru bestu efnafræðingar lífríkisins. Vitað er að tré tala saman með því að senda loftborin efnaboð sín á milli. Innihald skilaboðanna geta verið á alla vegu. Sum tré senda öðrum boð þegar skordýrárás er yfirvofandi eða þegar grasbítar hafa herjað á tréð. Viðtakandi skilaboðanna getur þá undirbúið sig fyrir árásina með því að dæla varnarefnum út í laufin, ræturnar eða trjákvöðuna. Aðrar plöntur geta sent út efnaboð til frjóbera þegar blóm þeirra eru orðin fullþroskuð eða skordýrafætur þegar þau mega síður við því að lenda í skordýrárás.

Þórmörk hefur lengi verið friðuð, þar fær hinn náttúrulegi birkiskógur að þróast á eigin forsendum.






Kúalubbinn er vinur birkis og fjalldrapa.

Nýlega komust vísindamenn að því að birkitré senda frá sér mismunandi efnaboð eftir því í hvaða hæð þau vaxa, hvaða tími árs er og í hvaða ásigkomulagi trén eru, líkt og trén tali sitt eigið tungumál og segja hvert sína sögu. Þegar skordýr herja á birkitrén breytast efnaboð þeirra til annarra trjáa, en þau breytast á mismunandi hátt eftir því hversu mikill þéttleiki skordýranna er og eftir því hvaða tré sendir frá sér boðin. „Halló skógur, þetta er ég, og á mig herja þú sund lurfur. Búist undir átök!“

En boð milli trjáa eiga sér ekki öll stað ofanjarðar. Bæði birkitré og litla systurtegund þeirra, fjalldrapi, lifa í nánú samlífi við sveppi sem tengjast trjánum í gegnum ræturnar. Trén sjá sveppunum fyrir næringu og í staðinn auðvelda sveppirnir trjánum að sækja sér vatn og næringarefni út í jarðveginn. Líkt og hjá okkur mannfólkinu virðast ekki allir vilja vinna með hverjum sem er og talsverð sérvíska getur ráðið ríkjum. Nánast öll birkitré eru tilbúin að opna rætur sínar fyrir sveppnum kúalubba (*Leccinum scabrum*) en finnlandshnoðri (*Hyaloscypha finlandica*) er ekki jafn vinsæll, enda getur samstarfið milli hans og birkitrjáa verið áhættusamt. Til mikils er að vinna en hann getur gert trjánum meira ógagn en gagn, að minnsta kosti þegar illa gengur.

Sveppirnir sem tengjast trjárótunum geta bæði flutt boð og næringarefni á milli trjáa. Fjalldrapi deilir meira en tíunda hluta af allri sinni orku með öðrum trjám í gegnum rótarsveppina sem tengjast honum. Það er álíka hátt hlutfall og hann eyðir í fræframleiðslu sem þýðir að samstarfið skilar trjánum væntanlega miklum ávinningi. Ætli sá ávinningur felist í því að fá fréttir af skordýrum og grasbítum frá nágrönnunum? Eða kannski er þetta tryggingabandalag á milli trjáanna, þannig að ef eitt tréð lendir í skakkaföllum gætu hin hlaupið undir bagga með því á meðan það versta dynur yfir?

Menn verða sífellt meðvitaðri um að fjölbreytileiki náttúrunnar er nánast ótæmandi. Því miður hefur ofuráhersla verið lögð á að líffræðilegan fjölbreytileika sé hægt að mæla í fjölda tegunda. Svo er auðvitað ekki. Líffræðilegur fjölbreytileiki er svo margvíslegur að stór hluti hans er enn óuppgötvaður og jafnvel óhugsandi. Hvað stýrir því hversu samstarfsfús birkitré eru við rötarsveppi? Hversu mikill fjölbreytileiki er raunverulega í gömlu birkiskógunum okkar? Ætli þeir tali allir sömu mállýsku? Ef þeir hittast einhvern tíma aftur, munu þeir skilja hver annan?



NÁTTÚRUKORT LANDVERNDAR

VILTU VIRKJA? VEISTU HVAD ER Í HÚFI?

Náttúrukortið er lifandi vefsja sem sýnir einstök svæði á Íslandi sem eru í hættu vegna virkjanahugmynda. Á kortinu eru tilgreind áform um vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og vindorkuver. Einnig er fjallað um staði í verndarflokki rammaáætlunar, sem Náttúrukortið byggir á ásamt öðrum opinberum gögnum. Hægt er að leita að einstökum stöðum á Náttúrukortinu, kveikja og slökkva á mismunandi tegundum virkjana og svæða eftir því hvernig þau eru flokkuð í rammaáætlun.

UMFJÖLLUN OG LJÓSMYNDIR AF EINSTAKRI NÁTTÚRU

Á Náttúrukortinu má finna umfjöllun um hvert svæði fyrir sig, ljósmyndir og myndbönd svo landsmenn geti betur glöggvað sig á þeim einstöku svæðum sem eru nú í hættu vegna áætlana um orkunýtingu. Markmiðið er að fræða og færa um leið þessi einstöku svæði nær landsmönnum – í stað þess að svæðin séu fjarlæg og óþekkt. Það getur verið erfitt að láta sér þykja vænt um land sem maður hefur hvorki séð né þekkir.

NÁTTÚRUKORTIÐ FYRIR GRÚSKARA

Auk þess að skoða og fræðast um einstaka staði er hægt að sjá þá í margvíslegu samhengi í vefsja Landverndar. Þar er hægt að leggja ýmis önnur kort yfir svæðin, t.d. vistgerðir, friðlýst svæði, skipulagsmál, aðalskipulag o.fl.

Náttúrukortið verður áfram í stöðugri uppfærslu enda spretta upp nýjar áskoranir nær daglega. Það er von Landverndar að landsmenn leggi kortinu lið með því að senda inn efni sem bætir eða dýpkar upplýsingarnar, til dæmis myndefni eða ábendingar varðandi einstaka staði sem fjallað er um. Landvernd tekur fagnandi á móti slíku efni á natturukortid@landvernd.is.

NÁTTÚRUKORTIÐ TIL LANDVERNDAR

Náttúrukortið var fyrst opnað fyrir áratug og var þá á vegum Framtíðarlandsins sem síðar gekk til liðs við Landvernd og starfar nú sem hópur innan samtakanna. Náttúrukortið hefur verið uppfært ítarlega og var opnað á nýjan leik þann 24. febrúar 2022.

FLOKKUN SVÆÐA Í RAMMAÁÆTLUN

VERNDARFLOKKUR

Svæði í verndarflokki eru metin svo að meiri ávinningur sé af því að vernda þau en virkja. Ekki stendur til að virkja á þeim svæðum sem eru flokkuð í verndarflokk.

NÝTINGARFLOKKUR

Svæði í nýtingarflokki eru talin vera betri til virkjana en aðrir staðir. Þó að svæði hafi verið skilgreint í nýtingarflokki í rammaáætlun er ekki þar með sagt að þar verði virkjað eða að þar sé rétt að virkja. Áður en það gerist þarf að rannsaka svæðið nánar og sækja um mörg leyfi áður en virkjað er. Virkjunarsvæði Hvammsvirkjunar í Þjórsá er dæmi um stað í nýtingarflokki.

BIÐFLOKKUR

Svæði í biðflokki falla yfirleitt í þann flokk vegna skorts á gögnum eða vegna þess að rannsóknum er ábótavant og því ekki unnt að meta hvort meiri ávinningur sé af því að vernda svæðið eða að virkja til orkunýtingar. Svæði í biðflokki munu, er fram líða stundir, lenda annað hvort í verndarflokki eða nýtingarflokki. Hveravellir eru dæmi um svæði í biðflokki, jarðhitasvæði á milli Hofsjökuls og Langjökuls og algengur áningarstaður á leið yfir Kjöl. Fyrir utan náttúru- fegurð hafa þeir mikið sögulegt gildi.





Þjósárver eru magnað svæði. Ljósmyndari: Ellert Grétarsson.

ÞJÓRSÁRVER – HART AÐ ÞEIM SÓTT ÞRÁTT FYRIR VERNDUN

Þjósárver eru í verndarflokki rammaáætlunar. Þau hafa verið nefnd hjarta landsins – og ekki að ástæðulausu. Þjósárver eru einstök gróðurvin í yfir 600 metra hæð. Þar er magnað samspil jökla, vatns, gróðurfars og dýralífs. Þjósárver eru í verndarflokki rammaáætlunar. Það þýðir einfaldlega að svæðið er verðmætara verndað en virkjað.

Verndargildi svæðisins er hátt og njóta Þjósárver alþjóðlegrar verndar samkvæmt Ramsar-sáttmálanum, sem gildir um votlendissvæði sem þykja mikilvæg á heimsvísu.

Því miður er ásókn orkufyrirtækja í ódýra orku svo mikil að nýlega fór Landsvirkjun fram á það að færa svæði í Þjósárverum úr verndarflokki í biðflokk rammaáætlunar. Því er ljóst að baráttunni fyrir verndun hjarta landsins er ekki lokið.



SNORRI BALDURSSON – MINNINGARORÐ

Snorri Baldursson fyrrverandi formaður Landverndar lést eftir erfið veikindi 29. september 2021.

Snorri sat í stjórn Landverndar á árunum 2015–2019 og gegndi formennsku árin 2015–2017. Undir hans stjórn voru mörg gagnleg verk unnin á vettvangi Landverndar. Hann beitti sér ötullega og af óbilandi kröftum, meðal annars fyrir því að náttúruvernd á vegum hins opinbera heyrði öll undir eina stofnun, fyrir samþykkt rammaáætlunar III og fyrir verndun víðerna Íslands, eins og Drangajökulssvæðisins, Vonarskarðs og Hálendisins sem heild.

Snorri var bæði góður fræðimaður og sérlega ritfær. Hann skrifaði skarpar, innihaldsríkar og vel rökstuddar umsagnir um náttúruverndarmál til stjórnvalda og ritaði margar greinar í blöð um mikilvægi náttúruverndar. Snorri lét sig snemma náttúruvernd varða og réðst aldrei á garðinn þar sem hann er lægstur. Sem dæmi má nefna að árið 1985 skrifaði hann undir opið bréf fjölda líffræðinga þar sem hvalveiðum var mótmælt. Hann barðist ötullega gegn Kárahnjúkavirkjun og notaði öll tiltæk ráð til þess að efla Vatnajökulspjóðgarð.

Snorri hafði óvenju sterka trú og sannfæringu fyrir gildi náttúruverndar. Hann vissi að náttúra Íslands er einstök, sönn og umbreytandi og að virði hennar fyrir þjóðina og heimsbyggðina, yrði ekki metið til fjár.

Sem formaður Landverndar steig Snorri opinberlega fram fyrir skjöldu í erfiðum málum og hlaut ósjaldan ósanngjarna gagnrýni fyrir, en einnig mikið og verðskuldað lof. Snorri hikaði heldur ekki við að taka upp penna öðrum til varnar, sérstaklega náttúruverndarfólki sem hafði lent illa í gagnrýni og útuksnúnungum hagsmunaafla sem andsnúin voru náttúruvernd. Ritfærni Snorra varð öðrum oft til hjálpar. Eftir yfirlestur hans á textum annarra varð textinn hnífskarpur og boðskapurinn kristalstær, þannig að það kom jafnvel höfundu upprunalega textans á óvart. Hann var lítið fyrir orðagjálfulur og sérlega flinkur við að eyða óþarfa málalengingum.

Þrátt fyrir alvarleg veikindi lét hann ekki deigan síga. Hann stofnaði ný náttúruverndarsamtök, Skrauta, sem nú þegar hafa náð miklum árangri með sitt fremsta baráttumál sem er verndun Vonarskarðs í Vatnajökulspjóðgarði og einnig lauk hann við gerð merkrar bókar um Vatnajökulspjóðgarð. Vinna Snorra við að koma Vatnajökulspjóðgarði á heimsminjaskrá UNESCO er merkt afrek sem öll þjóðin og komandi kynslóðir munu njóta góðs af.

Snorri lifði eftir sannfæringu sinni og þess vegna náði hann miklum afköstum og árangri í þágu hugðarefna sinna. Bækurnar Lífríki Íslands, sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin, og hin nýútkomna Vatnajökulspjóðgarður – gersemi á heimsvísu eru stórvirki sem bera vott um staðfestu og ástríðu höfundarins og festa hann í minni þjóðarinnar um ókomna tíð.

Náttúruverndarar hafa misst öflugan og ósérhlífinn baráttumann, en munu þó njóta verka hans lengi enn. Við yljum okkur einnig við minningar um góðar samverustundir og djúpar samræður – já og gleymum ekki hvernig hann skar niður textana okkar og betrubætti.

Landvernd syrgir góðan félag, þakkar honum frá dýpstu hjartarótum fyrir allt sem hann lagði af mörkum til verndar íslenskri náttúru og sendir fjölskyldu Snorra innilegar samúðarkveðjur. Góða ferð á næsta stað kæri félagi og vinur.

Stjórn og starfsfólk Landverndar

SAMSTARFSADILAR OG ALPJÓÐLEG VERKEFNI

Landvernd vinnur með fjölmörgum samstarfsaðilum hérlendis og erlendis að margvíslegum verkefnum. Sem dæmi má nefna náttúruverndarsamtök víða um land og önnur norræn náttúruverndarsamtök, umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Reykjavíkurborg og Klappir grænar lausnir. Hér að neðan má sjá umfjöllun um nokkra af samstarfsaðilum Landverndar.



SKÓLAR Á GRÆNNI GREIN – GRÆNFÁNINN

Skólar á grænni grein (Eco Schools) er alþjóðlegt menntaverkefni fyrir nemendur á öllum skólastigum. Ríflega 20 milljónir nemenda í 56 þúsund skólum í 70 löndum taka þátt í verkefninu. Á Íslandi taka þátt 50 þúsund nemendur í tæplega 200 skólum á öllum skólastigum – allt frá leikskólum upp í háskóla. Landvernd hefur fólstrað verkefnið frá upphafi, allt frá árinu 2001.



UNGT UMHVERFISFRÉTTAFÓLK

360.000 nemendur í 45 löndum taka árlega þátt í verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk (Young Reporters for the Environment). Verkefninu er ætlað að vera valdeflandi vettvangur fyrir ungt fólk að kynna sér umhverfismál með gagnrýnum hætti og miðla upplýsingum til almennings með fjölbreyttum leiðum.

Verkefnið var haldið hérlendis í annað sinn sl. vetur. Tíu framhalds-skólar og fjórir grunnskólar tóku þátt að þessu sinni, en fjölmörg lið innan skólanna kepptu sjálfstætt sín á milli.



ENDURHEIMT BIRKISKÓGANNA

Haustið 2020 tóku Skógræktin og Landgræðslan höndum saman og óskuðu eftir stuðningi landsmanna við að endurheimta birkiskóga landsins. Landvernd er samstarfsaðili og hefur tekið þátt í skipulagningu verkefnisins síðan.



NEYTENDASAMTÖKIN

Neytendasamtökin og Landvernd eiga gott samstarf sem felst í því að hvetja opinberar stofnanir til góðra verka þegar kemur að úrgangsmálum.



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Landvernd og Ferðafélag Íslands hafa átt gott samstarf lengi, til að mynda um ferðir þar sem skoðuð eru svæði þar sem verðmæt náttúra er í hættu vegna virkjanaáforma. Á starfsárinu stóðu Landvernd og FÍ saman að hádegisfundi sem fjallaði um ferðafrelsi á Hálandinu.

STEFNA LANDVERNDAR

Á aðalfundi vorið 2019 var samþykkt stefna Landverndar til þriggja ára, þar sem meginviðfangsefni samtakanna voru skilgreind. Með stefnunni fengu stjórn og starfsfólk Landverndar skýra mynd af því á hvaða sviðum félagsfólk vill að samtökin nýti krafta sína. Þannig verður líka auðveldara að koma á framfæri við almenning fyrir hvað Landvernd stendur og forgangsraða markvisst einstökum málum.

Náttúruvernd, loftslagsmál, sjálfbært samfélag og fræðsla eru þau svið sem Landvernd einbeitir sér að og hefur starfsfólk Landverndar unnið ötullega að fjöldamörgum viðfangsefnum á þessum sviðum allt frá því er stefnan var skilgreind 2019.

Í lögum Landverndar segir að stefnu samtakanna skuli endurskoða á þriggja ára fresti. Félagar í Landvernd unnu að nýrri stefnu í mars og verður hún formlega lögð fyrir aðalfund Landverndar 20. maí 2022.



NÁTTÚRUVERND



LOFTSLAGSMÁL



SJÁLFBÆRNI



FRÆÐSLA

STARFSFÓLK LANDVERNDAR



Andrea Anna Guðjónsdóttir
fræðslustjóri

Andrea er leik-, grunn- og sérkennari að mennt með gráðu í MPM verkefnastjórnun. Hún hóf störf 2021.



Andrés Skúlason
fulltrúi grasrótar

Andrés hefur margháttaða reynslu af félags- og stjórnunarstörfum. Hann hóf störf hjá Landvernd 2021.



Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri

Auður er með doktorsgráðu í lífefnafræði og hefur stundað rannsóknir á því sviði. Hún hefur starfað hjá Landvernd frá 2018.



Ellen Ágústa Björnsdóttir
skrifstofustjóri

Ellen er viðskiptafræðingur og er með MA í mannauðsstjórnun. Hún hefur starfað hjá Landvernd síðan í ársbyrjun 2017.



Guðrún Schmidt
sérfræðingur Grænfánans

Guðrún er með MA gráðu í menntun til sjálfbærni og B.Sc. gráðu í búvísindum. Guðrún kom til starfa árið 2020.



Hafþór Óli Þorsteinsson
fjáröflunarstjóri

Hafþór er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í forystu og stjórnun. Hafþór hóf störf hjá Landvernd 1. júní 2021.



Heiður Agnes Björnsdóttir
samskiptastjóri

Heiður er viðskiptafræðingur með MBA meistara-gráðu í stjórnun. Hún hóf störf hjá Landvernd vorið 2020.



Hjördís Björk Ásgeirsdóttir
fræðslustjóri Alviðru

Hjördís er garðyrkjufræðingur og leiðsögu-maður með diploma í ferðamálafræði. Hjördís hóf störf snemma árs 2021.



Katrín Magnúsdóttir
verkefnisstjóri Grænfánans

Katrín er líffræðingur með M.A. gráðu í mannfræði með áherslu á umhverfis- og þróunarfræði. Hún hefur lokið diplómanámi í kennslufræðum. Katrín hóf störf árið 2013. Hún var í leyfi á starfsárinu.



Kristján Geir Gunnarsson
viðburðastjóri

Kristján er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í mannauðsstjórnun. Hann hóf störf hjá Landvernd haustið 2019.



Margrét Hugadóttir
vef- og verkefnastjóri

Náttúrukortsins
Margrét er með M.Ed. gráðu í fjölmenningsfræðum og B.Ed. gráðu í kennslu náttúrufræðigreina. Hún hefur starfað hjá Landvernd frá 2016.



Ósk Kristinsdóttir
sérfræðingur Grænfánans

Ósk er með M.Ed. gráðu í kennslufræðum með áherslu á náttúrufræðigreinar.



Rannveig Magnúsdóttir
verkefnisstjóri Vistheimtar með skólum

Rannveig er líffræðingur með meistara- og doktorsgráðu í spendýravistfræði. Hún hefur starfað hjá Landvernd frá 2013.



Sigurlaug Arnardóttir
sérfræðingur Grænánans

Sigurlaug er með M.A. gráðu í hagnýtri menningarmiðlun og burtfararprófi í klassískum söng. Sigurlaug hóf störf hjá Landvernd 2019.



Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir
verkefnisstjóri

Umhverfisfréttafólks
Vigdís er félagsfræðingur með meistargráðu í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði fjölmiðlunar og boðskipta. Hún hóf störf hjá Landvernd 2019.



Örn Guðnason
fjármálafulltrúi

Örn er viðskiptafræðingur og grafískur hönnuður. Hann hóf störf hjá Landvernd 2020.

STJÓRN LANDVERNDAR



Tryggvi Felixson
formaður

Hagfræðingur með meistargráðu í auðlindahagfræði.



Ágústa Jónsdóttir
varaformaður

Líffræðingur með meistargráðu í stjórnun.




Sævar Þór Halldórsson
gjaldkeri

Náttúruandfræðingur B.Sc. með jarðfræði sem aukagrein.



Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson
ritari

Líffræðingur með M.S. gráðu í vistfræði.



Erla Bil Bjarnardóttir
meðstjórnandi
Búfræðingur.



Margrét Auðunsdóttir
meðstjórnandi
Líffræðingur og framhaldsskólakennari.



Páll Ásgeir Ásgeirsson
meðstjórnandi
Meirapróf, skyndihjálparnámskeið, námskeið í rötun, snjóflóðagreiningu og sprungubjörgun.



Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir
meðstjórnandi
Orku- og umhverfisfræðingur með doktorspróf í arkitektúr.

Á starfsárinu hættu Halldóra Björk Bergþórsdóttir og Pétur Halldórsson stjórnarsetu.

NOKKRIR VALDIR VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS

Viðburðir starfsársins voru ýmist rafrænir eða á vettvangi. Þeim síðarnefndu var flestum einnig streymt, enda gerir það þátttakendum víða um land kleift að taka þátt. Upptökur er að finna á facebook síðu Landverndar.



VISTHEIMT 2021-2030

Í júní tók Landvernd þátt í metnaðarfullum viðburði 11 góðra samstarfsaðila þar sem fjallað var um endurheimt vistkerfa (vistheimt) og mikilvægi hennar, m.a. í íslenskrri náttúruvernd.




PLAST Á VILLIGÖTUM

Plast sem skilað hefur verið til endurvinnslu endar sjaldnast í raunverulegri endurvinnslu og kerfið sem á að tryggja skil plastics til endurvinnslu virðist óskilvirkt og eftirlit í molum. Landvernd og Neytendasamtökin efndu til opins hádegisfundar um málefnið í byrjun júlí.



ORKUSKIPTIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU – HVERNIG VERÐA ÞAU BEST FRAMKVÆMD?

Í september héldu Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands málþing um samspil orkuskipta á höfuðborgarsvæðinu og stóra áfanga í þeirri þróun, eins og þéttingu byggðar og borgarlínu.



SUMARDAGSKRÁ ALVIÐRU

Kjörorð Alviðru, fræðsluseturs Landverndar, eru fróðleikur, skemmtun og útivist. Í samræmi við þau góðu markmið var sl. sumar boðið upp á skemmtilega fræðslufundi fyrir alla fjölskylduna á landareigninni m.a. í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Íslands. Í júní voru fræðslufundirnir Lífríkið í fersku vatni og Jurtaríkið. Í ágúst voru það Jarðfræðin í nágrenni Alviðru og Ætíðhönn til matar, litunar og heilsubótar. Alls sóttu 600 grunnskólanemendur Alviðru heim á síðasta skólaári.



FUNDARÖÐ: NÁTTÚRAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Stór hluti Íslendinga býr á Suðvesturhorninu. Náttúran í nærumhverfinu er þeim mikilvæg, ekki síður en öðrum landsmönnum. Landvernd stóð fyrir þremur málþingum um málefnið; Hver ber ábyrgð á náttúrunni á höfuðborgarsvæðinu? var haldið í apríl, Fær náttúran nóg rými í skipulagi höfuðborgarsvæðisins? var haldið í júní og Lýðheilsa og græn svæði í þéttbýli var haldið í september.



LOFTSLAGSMÁLIN Á MANNAMÁLI

Í september var haldinn rafrænn fundur um loftslagsmálin í víðu samhengi. Fyrirlesarar leituðust við að varpa ljósi á raunverulega merkingu stórra hugtaka, hvort Ísland gæti í raun losað sig við jarðefnaeldsneyti og hvernig einstaklingar gætu sjálfir sett loftslagið í forgang.



MARGMIÐLUNARSÝNINGIN „ENGINN VEIT HVAÐ ÁTT HEFUR FYRR EN MISST HEFUR“

Snemma árs var þessari víðförlu margmiðlunarsýningu Ólafs Sveinssonar í samstarfi við Landvernd og SUNN komið fyrir á Akureyri og dugði ekki minna en þrjár sýningarstaðir; Menningarhúsið Hof, Amtbókasafnið og Glerártorg.



VALDIÐ TIL UNGA FÓLKSINS Í 20 ÁR! AFMÆLISRÁÐSTEFNA GRÆNFÁNANS

Í tilefni af 20 ára afmæli verkefnisins Skólar á grænni grein stóð menntateymi Landverndar fyrir opinni ráðstefnu í febrúar um menntun til sjálfbærni á Íslandi.



VINDORKA – NÁTTÚRAN Í ANNAÐ SÆTI?

Um land allt eru uppi áform um tugi vindorkuvera, sem gætu allt að því þrefaldað núverandi raforkuframleiðslu okkar Íslendinga, gengju þau eftir. Landvernd og Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) blésu til fundar í Norræna húsinu í október, þar sem fjallað var um áhrif vindorkuvera á fuglalíf, landslag og náttúru- og menningarminjar.



NÁTTÚRA Í HÆTTU – OPNUN NÁTTÚRUKORTSINS

Náttúrukortið var opnað formlega seint í febrúar. Náttúrukortið er lífandi vefsíða sem sýnir einstök svæði á Íslandi sem eru í hættu vegna virkjanahugmynda. Kortið sýnir áform um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir auk áforma um vindorkuver. Kortið sýnir einnig svæði sem hafa verið vernduð ásamt svæðum sem þegar hefur verið virkjað á.



VERNDA EÐA VIRKJA? OPIÐ MÁLÞING UM RAMMAÁÆTLUN

Í febrúar héldu Landvernd og SUNN málþing á Akureyri um orkunýtingu og verndun landsvæða. Rætt var um þessi mál frá ýmsum sjónarhornum.



Landmannalaugar.

LANDVERND ER MÁLSVARI NÁTTÚRUNNAR

Landvernd stendur vörð um lýðræðislega stjórnarhætti þegar kemur að umhverfismálum. Í því felst skýlaus krafa um að farið sé að lögum þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar. Í lögum samtakanna segir að markmið þeirra sé „sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu“.

ÍSLENSK YFIRVÖLD ERU BUNDIN AF FJÖLÞJÓÐLEGUM SAMNINGUM

Árósasamningurinn hefur verið í gildi síðan 2011. Hann veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til:

- Aðgangs að upplýsingum.
- Þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál.
- Rétt til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið.

EES samningurinn veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti. Kæru réttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á, samkvæmt Árósasamningnum, að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið.

Markmið Árósasamningsins er einnig hið sama: Að tryggja sjálfbæra þróun til framtíðar. Það verður ekki gert nema með lýðræðislegum ákvörðunum þar sem valdi er dreift og réttur almennings til að taka ákvarðanir um umhverfi sitt og náttúru er tryggður.

Í stefnu samtakanna sem samþykkt var á aðalfundi 2019 vegur hagsmunagæsla í þágu umhverfisins þungt. Raunar er hún ein af okkar öflugustu aðferðum til að vernda umhverfi okkar og framtíðarkynslóða. Landvernd sendi engar kærur á starfsárinu, en kvartanir, umsagnir og erindi urðu fjölmörg.

KVARTANIR TIL ALÞJÓÐLEGRA EFTIRLITSADILA

Á starfsárinu ítrekaði Landvernd kvörtun til Eftirlitsstofnunar EES-samningsins, ESA, vegna þess að lög um mat á umhverfisáhrifum standast ekki EES-reglur.

ESA komst að niðurstöðu vegna kvartana Landverndar og fleiri samtaka þar sem stofnunin féllst á öll málsrök Landverndar. Kvörtunin varðaði framgöngu Alþingis og sjávarútvegsráðherra í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum tveggja laxeldisfyrirtækja. Alþingi breytti lögum í kjölfar úrskurðanna og gerði þá þannig að engu. Nánari umfjöllun um málin má finna í ársskýrslu Landverndar 2018-2019 á heimasíðu samtakanna, á bls. 12 og 16.

Þá hefur Landvernd ásamt Fuglavernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands kvartað til Bernarsamningsins vegna veglagningar um Teigsskóg. Úttektaraðili á vegum samningsins er nú með málið í skoðun.

SAMSTARF VIÐ HEIMAMENN

Landvernd nýtir kæruréttinn sem samtökunum er tryggður með Árósa- og EES-samningunum með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Það hafa samtökin gert undanfarið í auknum mæli í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í heimabyggð. Með því móti nýtur Landvernd góðs af þekkingu heimamanna auk þess að styðja við samtök þeirra – og veitir stjórnvöldum um leið öflugra aðhald en ella.

UMSAGNIR OG ERINDI

Eins og mörg undanfarin ár sendi Landvernd frá sér fjölda umsaga og erinda á starfsárinu um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum o.fl. Málaflokkarnir eru margir s.s. náttúruverndarsvæði og stjórnun þeirra,

loftslagsmál, skipulagsmál og flutningur rafmagns. Þingsályktunartillaga um rammaáætlun III er til þinglegrar meðferðar enn einu sinni en hún var lögð fram óbreytt. Landvernd sendi inn umsögn og skrifaði áskorun til þingmanna um að faglega verði staðið að ákvarðanatöku sem varðar orkunýtingu landsvæða.

Landvernd hefur haft mikil afskipti af úrvinnslusjóði og úrgangsmálum á starfsárinu sem og um náttúruvernd á höfuðborgarsvæðinu. Hér á eftir má sjá lista yfir þær umsagnir sem Landvernd sendi frá sér á starfsárinu flokkaðar eftir málaflokkum sem skilgreindir eru í stefnu Landverndar. Tölur innan sviga sýna hversu margar umsagnir voru sendar um hvert mál.



NÁTTÚRUVERND

- Aðalskipulagsbreytingar Ásahreppur
- Aðalskipulagsbreytingar Skaftárhreppur
- Aðalskipulagsbreytingar Reykjavík
- Ask – vinnslutillaga Dalabyggð
- Ask – vinnslutillaga Skaftárhreppur
- Ágengar tegundir í skógrækt – erindi
- Bernarsamningur v/Breiðafjarðar (2)
- Breyting á lögum um rammaáætlun
- Breytingar á lögum um stærðarmörk MÁU
- Blöndulína 3
- Breikkun Suðurlandsvegur
- Efnistaka á Mýrdalssandi
- Efnistaka úr Litla-Sandfelli
- Friðlýsing Bessastaðaness
- Friðlýsing Hraunhella
- Geitdalsárvirkjun – matsáætlun
- Kerfisáætlun Landsnets
- Landfylling á Álftanesi
- Landfylling í Skerjafirði – MÁU
- Landsáætlun í skógrækt
- Landgræðsluáætlun
- Landselir – erindi
- Veigar á villtum fuglum –reglugerð
- Rammaáætlun 3 – þingsályktunartillaga
- Vegagerð í Mýrdal
- Vegagerð á Kili
- Suðurnesjalína 2 – lagasetning
- Stjórnunar- og Verndaráætlun Vatnajökuls-þjóðgarðs
- Svæðisskipulag Suðurlands
- Svæðisskipulag Suðurnesja
- Svæðisskipulag Austurlands
- Uppbygging við Ástjörn Hfj. – matsáætlun



SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

- Aðkoma almennings (Árósasamningur) (2)
- Ásætuvarnir í fiskeldi (2)
- Starfsleyfi Ísteka – blóðmerarhald
- Rekstrarleyfi í fiskeldi (2)
- Landbúnaðarstefna fyrir Ísland
- Lagaumhverfi í fiskeldi
- Plast- og úrgangsmál – úrvinnslusjóður(2)
- Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu
- Starfsleyfi Álversins í Straumsvík
- Mengunarmælingar í Hvalfirði
- Lagaumhverfi í sjókvíældi
- Mengun við Heiðarfjall



LOFTSLAGSMÁL

- Breytingar á loftslagslögum
- Bann við leit og vinnslu á olíu (2)
- Breytingar á lögum vegna fjárlaga
- Fjármálaáætlun
- Orkuskipti í flugi – stefna og aðg. áætlun
- Hvítbók, aðlögun að loftslagsbreytingum

ÁLYKTANIR 2021-2022



ÁSKORUN Á ARION BANKA

Landvernd stóð fyrir undirskriftasöfnun á starfsárinu þar sem skorað var á Arion banka að afskrifa eignir sínar í fyrrum kísilveri United Silicon og ganga ekki til samninga við aðila sem hefur í hyggju að gangsetja kísilverið.



STJÓRNARSÁTTMÁLI

Stjórn Landverndar sendi frá sér ályktun um nýjan ríkisstjórnarsáttmála. Hún fagnar áformum nýrrar ríkisstjórnar um metnaðarfull markmið í loftslagsmálum en telur skorta á trúverðugar aðgerðaáætlanir. Stjórnin telur alvarlegan skort á áherslum í náttúruvernd í ríkisstjórnarsáttmálanum.



FRAMTÍÐARORKUNOTKUN OFMETIN

Stjórn Landverndar telur að skýrsla starfshóps um stöðu og horfur í orkumálum sem kom út í byrjun mars 2022 ofmeti verulega framtíðarorkunotkun. Ekki voru til staðar greiningar eða gögn sem unnin voru af hlutlausum aðilum um vænta orkunotkun til framtíðar. Starfshópurinn vann ekki sjálfstæðar greiningar heldur tók við greiningum orkugeirans og gerði þær að sínum. Eftirspurn eftir ódýrri orku verður alltaf til staðar.



BROT Á EES REGLUM

Ríkisstjórnin braut gegn ákvæðum EES-samingsins og hefur ekki brugðist við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EES-samningsins, ESA, varðandi breytingar á lögum árið 2018 sem varða umhverfismat og aðkomu almennings við veitingu starfs- og rekstrarleyfa fyrir fiskeldi.



ENGAR NÝJAR FRÉTTIR Í NÝRRI SKÝRSLU IPCC UM LOFTSLAGSMÁL

Í kjölfar útkomu sjöttu ritraðar IPCC um loftslagsmál þar sem er farið yfir hamfarahlýnun og þær breytingar sem þegar hafa orðið á loftslagi jarðar og líklegar breytingar í framtíðinni, sendi stjórn Landverndar frá sér yfirlýsingu um að í skýrslunni væru engar nýjar fréttir og að stjórnmalafólk og þjódarleiðtogar síðustu áratuga hefðu brugðist.

Í skýrslunni var rauð viðvörðun gefin út varðandi mikilvægi samdráttar í losun. Þrátt fyrir ógnvænlegar lýsingar á breytingum sem þegar hafa orðið og mikla vissu um enn meiri hamfarir er ekkert í skýrslunni sem kemur á óvart. Reyndar má lesa um tíðari og ákafari hitabylgjur, aukna úrkomuákefð og þurrka sem afleiðingar af losun gróðurhúsalofttegunda þegar í fyrstu ritröð IPCC frá árinu 1990.

Að mati Landverndar er löngu tímabært að bregðast við í samræmi við þann mikla vanda sem við blasir.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

Rekstrartekjur:	2021	2020
Árgjöld	58.825.621	66.846.820
Almennir styrkir	19.220.860	12.740.820
Verkefnatengdar tekjur og styrkir	69.844.970	51.375.641
Umsýslu - og aðstöðugjald	8.211.217	7.457.001
Aðrar tekjur	1.554.027	278.680
	<u>157.656.695</u>	<u>138.698.962</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld	48.394.458	38.790.789
Verkefnatengd gjöld	72.942.476	51.624.576
Önnur rekstrargjöld	36.574.157	39.203.127
Afskrift rekstrarfjármuna	119.912	193.188
Fjármagnstekjuskattur.....	425.866	187.079
	<u>158.456.869</u>	<u>129.998.759</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármuna - og fjármagnsliði	(800.174)	8.700.203
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur	991.669	1.524.291
Fjármagnsgjöld	(7.452)	(107.216)
	<u>984.217</u>	<u>1.417.075</u>
Hagnaður (halli) ársins	<u>184.043</u>	<u>10.117.278</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

Eignir:	2021	2020
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II	8.524.974	8.644.886
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs	23.959.987	23.542.463
Fastafjármunir alls	<u>32.484.961</u>	<u>32.187.349</u>
Veltufjármunir:		
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld	8.539.151	8.716.602
Handbært fé	52.118.802	51.995.415
Veltufjármunir alls	<u>60.657.953</u>	<u>60.712.017</u>
Eignir alls	<u>93.142.914</u>	<u>92.899.366</u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Eigið fé	72.793.226	72.609.183
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja	12.590.503	13.647.970
Ýmsar skammtímaskuldir.....	7.759.185	6.642.213
Skuldir alls	<u>20.349.688</u>	<u>20.290.183</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>93.142.914</u>	<u>92.899.366</u>

